

Próftaki skal greiða kostnað vegna próftöku eða hluta hennar sem fram fer utan stofnunarinnar og lækka próftökugjöld skv. 1. mgr. til samræmis við þann kostnað.

3. gr.

Gjöld vegna atvinnuskírteina kafara.

Vegna atvinnuskírteina kafara greiðast eftirtalin gjöld:

Fyrir útgáfu atvinnuskírteina kafara	5.200 kr.
Fyrir endurnýjun atvinnuskírteinis kafara	2.000 kr.

4. gr.

Gjöld fyrir annað eftirlit og þjónustu.

Fyrir annað eftirlit og þjónustu, er köfunarmál varða, skal greiða þóknun samkvæmt reikningi.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 31/1996 um köfun, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um eftirlit með köfunarbúnaði og aðra þjónustu varðandi köfunarmál nr. 143/1997.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 2001.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um pappírslaut peningahappdrætti Happdrættis Háskóla Íslands nr. 455 15. nóvember 1993.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Happdrætti Háskóla Íslands rekur sérstakt peningahappdrætti undir heitunum Gullnáman og Gullregn.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Stjórnendur happdrættisins ákveða hvar happdrættisvélunum verður komið fyrir.

Á hverjum stað þar sem happdrættisvélar eru í notkun skal vera umsýjarnamaður sem þátt-takendur geta snúið sér til.

3. gr.

7. gr. orðist svo:

Á hverri happdrættisvél skal vera vinningaskrá sem með greinilegum hætti sýnir hverjir vinningar eru. Vinningar eru tvenns konar, fastar fjárhæðir og lukkupottar.

Vinningar skulu skilgreindir með samstæðum merkja, bókstafa, tölustafa og spila.

Lukcupottur er einn, Gullpottur. Fjárhæð hans skal háð þátttöku í happdrættinu og fara stöðugt hækkandi þar til einhver þátttakenda vinnur þá fjárhæð sem hverju sinni hefur safnast þar fyrir.

Í upphafi skal setja 500.000 kr. í Gullpottinn. Þegar fjárhæð Gullpotts hefur unnist og potturinn tæmst skal setja 500.000 kr. í pottinn á ný vegna frekari þátttöku.

4. gr.

10. gr. orðist svo:

Vinningshafar skulu að jafnaði fá vinninga sína greidda úr happdrættisvélinni á sjálfvirknan hátt. Þegar ekki eru nægilega margir peningar í vél til að borga út vinning skal vinningshafi snúa sér til umsjónarmanns vélarinnar sem greiðir vinningshafa það sem upp á vantar.

Þátttakandi sem vinnur lukcupott eða vinningsfjárhæð sem er 50.000 kr. eða hærri skal fá í hendur skriflega staðfestingu þess efnis frá umsjónarmanni. Aðalskrifstofa happdrættisins greiðir síðan vinningshafa vinninginn gegn framvísun staðfestingarinnar.

Allar happdrættisvélar skulu búnar sérstöku ljósi sem auðveldar vinningshafa að ná sambandi við umsjónarmann vélar.

5. gr.

11. gr. orðist svo:

Aðgangur að happdrættisvélunum skal takmarkaður við þá sem eru 18 ára og eldri.

Umsjónarmaður happdrættisvéla á hverjum stað skal halda uppi fullnægjandi eftirliti með aldri þátttakenda.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973 sbr. lög nr. 23 5. maí 1986 og lög nr. 77 19. maí 1994, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 22. júní 2001.

Sólveig Pétursdóttir.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

**um útgáfu skrár um viðurkenndar prófgráður frá
menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra.**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1999 um búnaðarfræðslu hefur landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum búfræðsluráðs gefið út skrá um viðurkenndar prófgráður á framhalds- og háskólastigi frá menntastofnunum landbúnaðarins og inntak þeirra, sem birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.